

Hafnarfjörður
8. nóvember 2013

Fræðsluráð Hafnarfjarðar,

Með þessu bréfi vill Foreldrafélag leikskólans Hvamms mótmæla harðlega þeim áformum að lausar stofur sem staðið hafa við skólinn verði færðar í annað skólahverfi. Ekki verður séð að tilfærslan feli í sér varanlega lausn fyrir það skólahverfi sem ætlað er að taki við skólastofunum og fyrir séð að ekki verður unnt að veita leikskólabörnum á Öldutúnsskólasvæðinu pláss í sínu hverfi verði að þessum flutningi.

Leikskólinn Hvammur er sex deilda kynjaskiptur leikskóli. Skólinn starfar í anda Hjallastefnunar og er því eini kynjaskipti skólinn sem rekinn er af Hafnarfjarðarbæ. Hvammur er forystu skóli í markvissri málörvun, meðal annarra framsækinnna verkefna sem skólinn hefur unnið að. Margir foreldrar hafa valið Hvamm sem leikskóla fyrir börnin sín vegna þeirra sérstöðu sem þeir hafa á skólastefnu sinni. Einkunnarorð leikskólans er meðal annars jafnrétti, sem er mikilvægt fyrir börnin að læra strax frá ungaaldri.

Lausu stofurnar eru í daglegu tali kallaðar Borgir og eru þar skólastofur elstu barnanna. Deildirnar í Borgum eru tvær, Vitaborg, sem er stúlknadeild og strákadeildin Hamarsborg. Sú sérstaða sem felst í því að húsnæðið er frásniðið aðalbyggingunni gefur eldri börnunum á leikskólunum tækifæri á að læra vera sjálfstæðari. Þau hafa frjáltsari svæði í kringum Borgirnar, þar sem engin grindverk eru og þannig eru þau smátt og smátt aðlöguð að því umhverfi sem tekur á móti þeim þegar þau hefja skólagöngu í grunnskóla.

Aðalhúsnæði leikskólans er 670,9 fermetrar og rúmar þar fjóra yngstu deildir leikskólans, lausu stofurnar sem um ræðir hafa eins og fyrr segir hýst elstu börnin í leikskólanum. Í skólanum eru 121 barn, þar af 60 drengir og 61 stúlka. Eins og staðan er í dag þá hefur aðeins gefist tækifæri á að taka inn tvö börn í 2012 árgangnum og ef að fyrirhugaðar breytingar ganga eftir þá mun leikskólinn missa um 40 pláss. Ekki eru öll börnin á Borgunum að útskrifast í vor og því þyrfti að koma um 18 börnum af Borgunum og yfir í aðalbyggingu áður en hægt er að fara að huga að því að taka inn nýjan árgang við leikskólann. Það er því ljóst að þrátt fyrir að þrengt yrði að og fjölgað á þeim deildum sem nú eru í aðalbyggingunni þá er hæpið að hægt væri að tryggja þeim 55 börnum í 2012 árgangi Öldutúnsskólahverfisins pláss í sínu skólahverfi.

Að sjálfsögðu þarf að tryggja nemendum á Völlunum skólapláss og þá aðstöðu sem þeim ber en við teljum að lausnin sé ekki falin í því að skera af húsnæðiskosti hjá leikskólanum Hvammi. Þannig sé einungis verið að flytja vandann frá einu skólasvæði yfir á annað, lausnin er of léttvæg og skammsýn til þess að hana sé hægt að réttlæta.

Fyrirspurnum til bæjarins varðandi þetta málefni var svarað með eftirfarandi rökstuðningi sem við gerum athugasemdir við, sjá hér fyrir neðan:

1. Stofurnar eru í óþökk íbúa og nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi til þess að heimila áframhaldandi rekstur stofanna hjá Hvammi.

- a. Foreldrafélagið gerir athugasemd við þetta þar sem samræður við íbúa í nágrenninu benda til þess að mjög hafi dregið úr þeirri mótstöðu sem íbúar sýndu í upphafi. Forsprakki mótmæla sé fluttur og íbúar hafa vanist því að hafa stofurnar í sínu umhverfi. Því er full ástæða til þess að ætla að hægt sé að vinna að varanlegri sátt um staðsetningu húsnæðisins.
 - b. Ef breyta þurfi deiluskipulagi þá er það vinna sem bæjaryfirvöld ættu ekki að fela sig á bak við heldur einhenda sér í með það að markmiði að bæta þjónustu við foreldra ungra barna í Hafnarfirði.
2. 2012 árgangurinn er lítill og því verið sú fækkun á plássum sem áætluð er ekki til tiltakanleg.
- a. Skv. tölulegum upplýsingum er stærð árgangs 2012 á Öldutúnsskólasvæðinu 55 nemendur og er þannig stærri en bæði 2010 og 2011 árgangarnir (báðir telja 53 nemendur).
 - b. Þessi röksemdarfærsla fellur því um sjálfa sig og ennfremur er 2008 árgangurinn sem er að útskrifast af Hvammi á næsta ári óvenju fámennur og því er ekki mikið af plássum sem að losna á næsta ári. Verði stofurnar fluttar liggur fyrir að það þyrfti að koma hluta þeirra barna sem nú er í útistofum fyrir í aðalhúsnæði og því nánast ekkert svigrúm til þess að taka inn ný börn. Þannig yrði það hlutskipti foreldra í Suðurbænum að flækjast með börnin sín í nálæg skólahverfi með öllum þeim óþægindum og róti sem því fylgir.
 - c. Hvammur er eini kynjaskipti leikskólinn í Suðurbænum og því mun leikskólaplássum fyrir foreldra sem kjósa slíka stefnu fækka umtalsvert.

Hafnarfjörður er blómlegur bær með mikið af ungum fjölskyldum sem þurfa á leikskóla og skólaplássi að halda. Samþykktir fræðsluráðs benda til þess að mikill metnaður sé hjá Hafnarfjarðarbæ að standa vel að þessum málum¹. Það er því okkar einlæga von að hlúð verði að því frábæra leikskólastarfi sem nú fer fram á Hvammi og að staðið verði að uppbygging skólamála á Völlunum með framtíðarlausnir í huga og án þess að önnur skólahverfi í bænum þurfi að líða fyrir.

Fyrir hönd Foreldrafélags Hvamms,

Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir
Karólína Helga Símonardóttir

¹ Sbr. fundur fræðsluráðs um drög að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 28.10 2013 „Uppbygging leikskóla í nýjum íbúðarhverfum skal miðast við að stefnt sé að nægilegu leikskólarými í hverju skólahverfi“